

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 3 250 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bílar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

18. apríl 1978.

Nr. 163.

REGLUGERÐ

um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimta 50% innflutningsgjald af öllum bifreiðum og bifhjólum með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar.

Gjald af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum skal reiknað af tollverði (cif-verði) ökutækis, sbr. ákvæði 5.—7. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

2. gr.

Ökutæki í eftirtöldum tollskránum skulu undanþegin innflutningsgjaldi:

- 87.01.20 Dráttarbifreiðar, með burðarþol 6 tonn og þar yfir, fyrir festivagna.
- 87.02.12 Snjóbifreiðar.
- 87.02.29 Almenningsbifreiðar.
- 87.02.31—32 Grindur með hreyfli og ökumannshúsi með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
- 87.02.35 Flutningstæki fyrir grjót o. þ. h.
- 87.02.37—38 Vörubifreiðar með burðarþol 6 tonn og þar yfir.
- 87.02.43 Sjúkrabifreiðar.
- 87.03.01 Slökkviliðsbifreiðar.
- 87.03.02 Snjóplógar.
- 87.03.03 Kranabifreiðar.
- 87.03.09 Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.
- 87.09.01 Bifhjól með sprengirými til og með 50 cm³.

3. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eða lækka innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta tollviltana. Um niðurfellingu eða lækku gjaldsins skal farið svo sem fyrir er mælt í 4. og 5. málsl. 1. mgr. 27. tl. 3. gr. tollskrárlaga.